

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Umhverfisstofnun
Áb. _____
22 des. 2011
10. 4. 2
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. desember 2011
Tilvísun: UST20111100110/há

Lýsing á breytingu aðalskipulags í landi Birtingaholts 5, Hrunamannahreppi. Umsögn

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags 1. nóvember síðastliðin þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um lýsingu á breytingu aðalskipulags í landi Birtingaholts 5, Hrunamannahreppi.

Skipulagssvæði og fyrirhuguð starfsemi

Í greinargerð segir að breytingin fjalli um að skilgreina um 5 ha svæði af jörð Birtingaholts 5 sem iðnaðarsvæði og aðkoma að svæðinu verði um veggengingu frá þjóðvegi nr. 340. Í gildandi aðalskipulagi er jörðin skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Ástæða breytingarinnar er að til stendur að hefja vinnslu á lífrænum úrgangi. Safnað verður saman fiskislógi og hann meðhöndlaður þannig að hann nýtist til áburðargjafar á svæðinu. Umhverfisstofnun vísar í umsögn um lýsingu á deiliskipulagi í landi Birtingaholts sem stofnunin veitti þann 17. ágúst sl. þar sem kemur fram að um er að ræða vinnslu á bæði fiskislógi og seyr. Í greinargerð á breytingu á aðalskipulagi kemur ekki fram að vinnsla verði á seyr.

Umhverfisstofnun bendir á að í reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 í kafla 4. sem fjallar um starfsleyfisskyldu segir í 19. gr. eftirfarandi; „*Meðhöndlun úrgangs er háð starfsleyfi eins og nánar segir í reglugerð þessari og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Í starfsleyfi skulu vera ákvæði sem miða að því að vernda umhverfi og heilsu manna. Jafnframt skulu ákvæði starfsleyfis taka mið af aðstæðum á viðkomandi stað.*

Til að vernda heilsu fólks skal við staðsetningu söfnunar- og flokkunarmiðstöðva fyrir úrgang taka mið af því að ekki hljótist af óþægindi fyrir íbúa og taka tillit til nálægðar við íbúðarhús, skóla, matvælaframleiðslu- og sölustaði, heilbrigðisstofnanir og aðra dvalarstaði fólks“.


Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð að breytingin á deiliskipulagi falli undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum í 6. gr. segir að kanna þurfi matskyldu

framkvæmdarinnar þar sem um er að ræða starfsemi sem fellur undir lið 11 j í viðauka 2 : *Endurvinnslustöðvar*.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á að misræmis er að gæta í greinargerð um lýsingum á deiliskipulagi og í lýsingum á breytingu á aðalskipulagi. Í greinargerð um lýsingum á deiliskipulagi frá 26. maí sl. segir að fyrirhuguð er vinnsla á fiskislógi og seyru en í lýsingum á breytingu á aðalskipulagi er einungis fjallað um vinnslu á fiskislógi. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að gera skýra grein fyrir því um hvers konar starfsemi er að ræða.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við lýsingum á breytingu aðalskipulags í landi Birtingaholts 5, Hrunamannahreppi.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Hákon Asgeirsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun